

MICROSOFT



Sjálfsmatsskýrsla Lágafellsskóla 2010-2011

Efnisyfirlit

Inngangur	3
Stefna Mosfellsbæjar	3
Stefna og starfsáætlun Lágafellsskóla	3
Teymisvinna	6
Þróunarstarf – nýjungar	6
Uppbyggingarstefnan	8
Endurmenntun starfsmanna skólaárið 2010-2011	11
Innra mat	12
Markmið og tilgangur mats	12
Sjálfsmatsáætlun skólans.....	13
Matsþættir.....	13
Leiðir	13
Einelti	14
Fyrirlögn könnunar.....	14
Matsþættir.....	15
Niðurstöður.....	15
Umbótaáætlun	15
Foreldrar	16
Fyrirlögn könnunar.....	16
Matsþættir.....	16
Niðurstöður.....	16
Umbótaáætlun	19
Nemendur	19
Fyrirlögn könnunar.....	19
Matsþættir.....	20
Niðurstöður.....	20
Umbótaáætlun	21
Starfsmenn.....	22

Sjálfsmatsskýrsla Lágafellsskóla 2010-2011

Fyrirlögn könnunar.....	22
Matsþættir.....	22
Helstu niðurstöður.....	23
Umbótaáætlun	25
Samantekt og helstu niðurstöður	25

Inngangur

Í Lágafellsskóla skólaárið 2010 – 2011 voru 704 nemendur í 1. – 10. bekk. Að auki voru 28 nemendur í leikskóladeild skólans. Í hverjum árgangi voru þrjár til fjórar bekkjardeildir. Boðið var upp á dvöl í Frístundaseli en það er starfrækt eftir að skóladegi lýkur og ætlað nemendum í 1. – 4. bekk. Starfsmenn skólans voru 130 talsins en ekki voru allir í 100% stöðuhlutfalli.

Stefna Mosfellsbæjar

Í skólastefnu Mosfellsbæjar segir:

Skólastefna Mosfellsbæjar byggir á íslenskri menntastefnu eins og hún kemur fram í lögum og reglugerðum. Skólar Mosfellsbæjar eru lærdómssamfélag þar sem skapaður er grundvöllur fyrir umræður, skoðanaskipti og þátttöku allra hlutaðeigandi aðila. Leggja ber áherslu á grunnfærni allra einstaklinga: samskiptahæfni og læsi í víðum skilningi, getu til þekkingarleitar, lausnamiðuð hugsun, sjálfstæði í verkum, verkvit og færni í vinnubrögðum, hreyfingu og sköpunargleði. Leitast skal við að innihald náms og verkefna í skóla hafi merkingu fyrir einstaklinginn og taki mið af reynsluheimi hans. Skólastarfsemi ber að skipuleggja á þann hátt að hún sé sveigjanleg, eflir virkni einstaklingsins, leggi rækt við siðferðisvitund og skapi þekkingu til gagns fyrir einstaklinginn og samfélagið. Mikilvægt er að í skólasamfélaginu fái raddir allra að hljóma. Skólanámskrár skólanna eru framkvæmdaáætlanir fyrir markmið og leiðarljós Skólastefnunnar. Með góðu samstarfi milli uppeldisstofnana og vel ígrunduðum leiðum og skipulagi er hægt að tryggja lifandi og árangursríkt skólastarf. Þannig fær hver einstaklingur tækifæri til að ná þeim árangri sem þroski hans býður upp á hverju sinni (Skólastefna Mosfellsbæjar, 2008).

Skólastefna Lágafellsskóla tekur mið af stefnu bæjarins og var hún lögð til grundvallar í þeim könnunum sem lagðar voru fyrir á vormisseri sem hluti innra mats.

Stefna og starfsáætlun Lágafellsskóla

Hugtökin samvera, samvinna og samkennd eru lögð til grundvallar skólastarfi Lágafellsskóla. Við trúum því að þegar við skynjum mikilvægi samverunnar, þá aukum við þroska okkar sem félagsverur. Með góðri samvinnu þar sem áhugi og hæfileikar einstaklingsins fá að njóta sín næst betri árangur og félagahópurinn nær oft að leysa verkefni sem eru einstaklingnum ofviða. Við sýnum hvert öðru samkennd með því að virða sjónarmið, skoðanir og líðan hvers

annars og eflum okkur þannig í mannlegum samskiptum. Efling þessara þátta stuðlar að auknu sjálfstrausti einstaklings. Unnið er eftir einkunnarorðum skólans; Samvera, samvinna, samkennd.

Samvera:

Lágafellsskóli er skóli þar sem:

- ríkir jákvætt, uppbyggilegt og afslappað andrúmsloft og allir eru jafnir
- gengið er vel um skólann og umhverfið
- öllum líður vel og allir finna til öryggis
- stefnt er að stöðugum þroska og framförum í starfi og leik á forsendum hvers og eins
- ríkir gagnkvæm virðing og umhyggja og einnig sýnum við hvert öðru gott viðmót
- aðstaða nemenda til náms og annarrar starfsemi innan skólans er jöfn óháð kynferði, kynhneigð, útliti, trúarskoðun eða uppruna

Samvinna:

Lágafellsskóli er skóli þar sem:

- traust og hjálpssemi ríkir og leiðbeint er á uppbyggilegan hátt
- raddir allra fá að heyrast og eru metnar
- borin er virðing fyrir einstaklingnum og skoðunum hans
- miðlað er af þekkingu og reynslu og upplýsingaflæði er gott
- unnið er saman sem ein heild, allir leggja sitt af mörkum og hæfileikar hvers og eins fá notið sín
- einhugur ríkir um markmið og gildi og allir eru samstíga í að vinna að þeim

Samkennd:

Lágafellsskóli er skóli þar sem:

- margbreytileikinn er virtur og metinn
- við sýnum samstöðu, kærleik og styrkjum hvert annað í meðbyr og mótbyr
- við sýnum tilfinningum og aðstæðum annarra skilning og umburðarlyndi
- allir upplifa sig sem hluta af heild þar sem hver og einn hefur réttindi jafnt sem skyldur

- við látum okkur aðra varða

Hlutverk Lágafellsskóla

- Að mennta og skipuleggja nám í samræmi við þarfir nemenda til þess að hver nemandi nái hámarksárangri.
- Að skapa umhverfi og aðstöðu til uppeldis og þroska þar sem styrkleikar einstaklinganna fá að njóta sín.
- Að samstarf, samábyrgð og jákvæður agi ríki í skólanum. Þannig bera allir ábyrgð á líðan, hegðun og samskiptum innan hópsins.
- Að bjóða starfsfólki upp á endurmenntun.
- Að þróa áfram þau verkefni sem eru í vinnslu í skólanum og bæta við nýjum.
- Að bjóða upp á fjölbreytta kennsluhætti og gæðakennslu.

Starfsáætlun skólans er unnin ár hvert og eru þar tiltekin þau verkefni og gildi sem unnið skal eftir hverju sinni. Markmið Lágafellsskóla fyrir starfsárið 2011 voru eftirfarandi.

Fjármál

- Að tryggja hagkvæman rekstur með framsækni að leiðarljósi.
- Að standast fjárhagsáætlun.

Viðskiptavinir/skólasamfélagið

- Að hver nemandi beri ábyrgð á eigin námi og hegðun.
- Að öll samskipti byggist á gagnkvæmri virðingu og jákvæðum aga.
- Að nemendur njóti fyllsta öryggis við störf sín í skólanum.
- Að skólabragurinn einkennist af vinsemd, hjálpssemi og góðri líðan.
- Að gott samstarf ríki milli heimils og skóla þar sem velferð barnsins er í fyrirrúmi.
- Að vinna með framfarastuðul nemenda í skólanum.

Mannauður

- Að starfsumhverfi starfsfólks og nemenda einkennist af metnaðarfullu starfi þar sem allir hafa ánægju af því að læra.
- Að hafa í heiðri að VIÐ erum mikilvægari en ég.

- Að við skólann starfi vel menntað og hæfileikaríkt starfsfólk.

Innri ferli

- Að markmið og stefna skólans sé öllum aðgengileg og stjórnun skilvirk.
- Að auka fjölbreytni í kennsluháttum og þróunarstarfi.

Meginverkefni 2011.

- Skólustarf samkvæmt lögum og reglugerðum. Þróunarverkefni – nýbreytni og áherslur skólans má sjá í skólanámskrá Lágafellsskóla, almennum hluta. Uppbyggingarstefnan - sérstök áhersla á frekari innleiðingu og skólustarf í anda uppbyggingarstefnu og virka þátttöku allra.
- Sjálfsmat. Sjálfsmatsáætlun var unnin á síðasta ári af matsteymi og var unnið eftir henni árið 2011. Sjálfsmatsáætlun má sjá á heimasíðu skólans http://www.lagafellsskoli.is/files/sjalfsmat_2009_2015_1782912497.pdf

Teymisvinna

Skólaárið 2010-2011 voru 15 kennarateymi starfandi í skólanum. Teymin funduðu reglulega allt árið og unnu að fyrirfram skilgreindum verkefnum. Teymin voru eftirfarandi; uppbyggingarstefnuteymi, útikennsluteymi, nám er leikur/leikur er nám, eineltisteymi, áfallateymi, leikskóli/grunnskóli – brúa bilið, PALS, öryggisnefnd, teymi til að efla starfsandann, heilsueflingarteymi, sjálfsmatsteymi, jafningjastuðningur, afmælishátíðarteymi og teymi um skipulag þemadaga.

Þróunarstarf - nýjungar

Áfram var unnið að nýjungum í Lágafellsskóla og ber helst að nefna verkefnin Nám er leikur-leikur er nám sem unnið er að á yngsta stigi, Uppeldi til ábyrgðar – uppbyggingarstefnan sem allur skólinn vinnur eftir, PALS - Jafningjamiðaðar námsaðferðir sem unnið var með í 1.-8. bekk, og comeniusarverkefnin E-magazine og Small ambassadors - Putting my stamp on Europe.

Nám er leikur – leikur er nám (yngsta stig)

Markmið verkefnisins er:

- að skapa samfellu í skólastarfi barna frá fimm ára aldri ásamt því að bjóða upp á heildstæðan skólalag þar sem nám, leikur, tómsunda- og félagsstarf rúmast allt innan skólatíma á tímabilinu frá kl. 8:00 til 17:00
- að námið verði einstaklingsmiðað svo hæfileikar hvers og eins fái notið sín
- að nám barnanna verði samfellt frá fimm ára aldri og engin raunveruleg skil verði milli skólastiga
- að nám barnanna verði á forsendum leiksins og viðfangsefnin þroski samskipti, náms- og félagsfærni nemenda
- að skapa skilyrði fyrir samkenndu árganga
- að skapa skilyrði fyrir bráðger börn og þau sem minna mega sín í umhverfi þar sem nemendur eiga kost á því á „fljóta“ milli árganga og hópa eftir færni og áhuga
- að starfsfólk vinni saman sem ein heild, s.s. leikskólakennarar, grunnskóla-kennarar, tómsundaleiðbeinendur, sérkennarar, þroskaþjálfar, stuðningsfulltrúar, skólaliðar, ráðgjafar og hugsanlega fleiri fagaðilar þar sem þekking, reynsla og styrkur hvers fagaðila nýtist sem best og er yfirstjórn í höndum stjórnenda Lágafellsskóla

Þróunarverkefnið tekur til fimm ára og hefur hlotið styrk frá Þróunarsjóði menntamálaráðuneytis.

PALS - Jafningjamiðaðar námsaðferðir

PALS stendur fyrir Þör Að Læra Saman. Þjálfaðir verða sérfræðingar í leik-, grunn- og framhaldsskóla Mosfellsbæjar. Sérfræðinga sem koma að málefnum innflytjenda, flóttamanna og annarra sem læra íslensku sem annað tungumál og kenna fjölbreyttum hópi nemenda. Þróaðar verða vinnuaðferðir sem leggja áherslu á að kenna kennurum og nemendum um samvinnu-nám í lestri og ritun með megináherslu á að gera nemendur að betri lesurum og skrifurum. Nemendur læra í pörum og í hópum og kenna og læra hver af öðrum. PALS er aðferð sem tekur á mismunandi getu og leggur áherslu á að koma til móts við fjölbreyttar þarfir. Skólaárið 2010-2011 er unnið með PALS í 1.-8. bekk.

Comeniusarverkefni – E-magazine

Verkefnið hófst haustið 2010 og er til tveggja ára. Þátttakendur í verkefninu koma frá Slóvakíu, Póllandi, Spáni og Íslandi. Verkefnið snýst um að nemendur vinna að gerð „e-magazine“ þar sem þeir kynna sinn heimabæ og land fyrir nemendahópum í hinum þátttöku-löndunum auk þess sem unnar verða litlar orðabækur til að kynna tungumál hvers lands. Samskiptin fara fram í gegnum veraldarvefinn auk þess sem kennarar munu ferðast á milli landa og heimsækja nemendahópana.

Small ambassadors - Putting my stamp on Europe

Verkefnið hófst haustið 2009 og er til tveggja ára. Þátttakendur í þessu verkefni eru frá Íslandi, Spáni, Frakklandi, Póllandi, Bretlandi, Rúmeníu og Tyrklandi. Um er að ræða verkefni sem byggir á menningu þjóða á fjölbreyttan hátt.

Uppeldi til ábyrgðar – uppbyggingarstefnan

Uppbyggingarstefnan er ferli sem kennir sjálfsaga. Þjálfaðar eru aðferðir til þess að bæta samskipti og skólabrag. Sjónum er fyrst beint að einstaklingnum sem svo er beðinn um að líta í eigin barm og meta hvaða áhrif hegðun hans hefur á aðra.

Á síðustu árum hefur farið fram undirbúningur fyrir alla starfsmenn skólans. Teymi sér um skipulag þróunarstarfsins.

Uppbyggingarstefnan

Það er yfirlýst stefna Lágafellsskóla að vinna eftir Uppbyggingarstefnunni, einnig nefnt Uppeldi til ábyrgðar. Þetta er uppeldisaðferð sem byggir á kenningu Williams Glassers sem kölluð er Reality therapy. Diane Gossen hefur svo þróað aðferð sem kölluð er Uppbygging á íslensku.

Markmiðið er að:

- kenna nemendum sjálfsaga og sjálfstjórn
- bæta samskiptin
- hjálpa nemandanum til að gera sér grein fyrir þörfum sínum og uppfylla þær
- hjálpa nemandanum til að finna lífsgildi sín og hegða sér samkvæmt þeim

- styrkja vilja og sjálfsmynd nemandans

Megináhersla stefnunnar er á að byggja upp sjálfstraust, að hjálpa nemandanum til að verða sá sem hann vill verða. Þeir skólar sem starfað hafa samkvæmt stefnunni eru sammála um að það hafi haft jákvæð áhrif á skólabraginn, agavandamálum hafi fækkað og þannig bætt líðan bæði starfsmanna og nemenda. Til að ná markmiðum um góðan skólabrag og jákvæð og uppbyggileg samskipti þarf að skilgreina hvað telst æskileg hegðun og hvað ekki.

Æskileg hegðun

- Nemandi mætir stundvíslega og vel undirbúinn í skólann.
- Nemandi fari eftir skólareglum.
- Nemandi er reiðubúinn til að takast á við krefjandi verkefni, taka tilsögn og taka virkan þátt í viðfangsefnum kennslustunda.
- Nemandinn gengur vel um skólann sinn.
- Nemandi lætur sér annt um að samskipti í skólanum séu vinsamleg og til þess fallin að aukasamkennd og öryggi nemenda og annarra sem starfa í skólanum.
- Nemandi sýnir sjálfum sér og öðrum virðingu með framkomu sinni, orðum og gjörðum.
- Nemandi fer að fyrirmælum kennara og annars starfsfólks.
- Nemandi reyni að leysa úr ágreiningi sem upp kann að koma af skynsemi og án ofbeldis.

Óæskileg hegðun

- Að hegðun nemanda valdi öðrum ama, leiðindum, kvíða eða öryggisleysi. Dæmi; að ýta, pota, pirra, ofbeldi, hótun, ljótt orðbragð, truflun, baktal, útilokun.
- Að hegðun nemanda, eyðileggi, hindri eða trufla skólastarf, vinnu nemenda, kennara og starfsmanna. Dæmi; Frammíköll, óstundvísi, hávaði og læti, ónauðsynlegt ráp.
- Að hegðun nemanda ógni öryggi annarra einstaklinga í skólanum. Dæmi; Hlaup innanhúss, ofbeldi, slagsmál, ruðningur.
- Að nemandi virði ekki eigin annarra nemenda og/eða skólans. Dæmi; Skemmdarverk hverskonar, sóðaleg umgengni, þjófnaður.
- Að nemandi láti sér ekki segjast við kurteislega umvöndun og sýni starfsmanni óvirðingu. Dæmi; Aðdróttun eða hótun, hunsing, ljótur munnsöfnuður.

- Að nemandi neiti samvinnu eða sé vanvirkur eða stundi námið illa. Dæmi; Mæti án námsgagna, fari ekki eftir fyrirmælum, leti, vanvirkni, svefn í tímum, óstundvísi, fjarvistir.

Við munum ekki undir nokkrum kringumstæðum líða;

- Reykingar eða notkun annarra vímuefna.
- Lögbrot.

Öryggisreglur eru settar í framhaldi af vinnu starfsmanna sem ákveða hvað flokkist sem óásættanleg hegðun innan skólans. Öryggisreglurnar eru fáar en viðurlög við broti á þeim eru skýr. Öryggisreglurnar eru **ófrávíkjanlegar**. Skólinn hefur viðurlög við broti á þeim. Þær eru settar til að verja gildi sem allir eru sammála um að séu mikilvæg. Ófrávíkjanlegar öryggisreglur varða hluti sem ógna öryggi og/eða hindra nám.

1. Vopn

2. Vímuefni

3. Meiðingar

4. Bein óhlýðni og ögrun við kennara

Endurmenntun starfsmanna skólaárið 2010-2011

Starfshópur	Lýsing á símenntun	Tilgangur	Tímabil, dagsetningar og tímafjöldi
Allir starfsmenn	Uppbyggingarstefna	Vinna að þjálfun starfsmanna í aðferðum uppbyggingarstefnunnar	27. október
Kennarar	Námsmat	Hilmar Már Arason /leiðsagnarmat Erna Pálsdóttir /leiðsagnarmat	25. nóvember
Aðrir starfsmenn en kennarar	Skyndihjálp	Að auka áhuga og þekkingu starfsfólks á almennri skyndihjálp og sálrænum stuðningi og tryggja rétt viðbrögð starfsmanna í neyðartilfellum	25. nóvember
Allir starfsmenn	Uppbyggingarstefna	Vinna að þjálfun starfsmanna í aðferðum uppbyggingarstefnunnar	4. janúar
Allir starfsmenn	Gæðagreinar	Gæðagreinar kynntir fyrir kennurum og öðru starfsfólki. Hluti af sjálfsmati skólans.	22. febrúar
Allir starfsmenn	Fyrirlestur um einhverfu	Greiningarstöðin með kynningu einkennum einstaklinga á einhverfurófi	22. febrúar
Allir starfsmenn	Uppbyggingarstefna	Vinna að þjálfun starfsmanna í aðferðum uppbyggingarstefnunnar	30. maí

Innra mat

Markmið og tilgangur mats

Samkvæmt grunnskólalögum ber hverjum grunnskóla að sinna mati og eftirliti með gæðum skólastarfsins. Í 35. grein segir:

Markmið mats og eftirlits með gæðum starfs í grunnskólum er að:

- a. veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsfólks skóla, viðtökuskóla, foreldra og nemenda,
- b. tryggja að starfsemi skóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár grunnskóla,
- c. auka gæði náms og skólastarfs og stuðla að umbótum,
- d. tryggja að réttindi nemenda séu virt og að þeir fái þá þjónustu sem þeir eiga rétt á samkvæmt lögum (35. gr. grunnskólalaga 2008).

Í 36. gr. grunnskólalaga er fjallað um innra mat og þær skyldur sem skólum ber að uppfylla varðandi það. Í 36. grein segir:


Hver grunnskóli metur með kerfisbundnum hætti árangur og gæði skólastarfs á grundvelli 35. gr. með virkri þátttöku starfsmanna, nemenda og foreldra eftir því sem við á.

Grunnskóli birtir opinberlega upplýsingar um innra mat sitt, tengsl þess við skólanámskrá og áætlanir um umbætur (36. gr. grunnskólalaga 2008).

Sú leið sem farin hefur verið að ofangreindum markmiðum er að meta hina ýmsu þætti skólastarfsins á kerfisbundinn hátt og í kjölfarið að leita leiða til að bæta starfið. Til grundvallar vinnunni hefur stefna bæjarins verið sett í öndvegi ásamt starfsáætlun skólans. Sjálfsmatsáætlun skólans er sá vegvísir sem unnið er eftir.

Sjálfsmatsáætlun skólans

Sjálfsmatsáætlun skólans er unnin til sex ára (sjá mynd 1). Myndin sýnir hvernig einstakir þættir skólastarfs eru metnir yfir 6 ára tímabil. Sjálfsmatsferli þetta er tengt sýn skólans eins og hún er fram sett í starfsáætlun skólans. Mat á skólastarfi í Lágafellsskóla er hringferli þar sem ákveðnir flokkar eru til mats á hverju skólaári. Þegar úttekt á öllum flokkum er lokið hefst nýr hringur. Í lok úttektar á hverjum matsþætti eru niðurstöður kynntar og umbótaferli hefst.



Matsþættir

Út frá hvaða þáttum er metið s.s. nám og kennsla, samskipti, aðbúnaður nemenda, líðan og einelti, stjórnun skólans, foreldrasamstarf. Tengsl milli kannanna s.s. sambærilegar spurningar.

Leiðir

Spurningakannanir eru það form sem helst hefur verið notað til að fá afla upplýsinga um skólastarfið. Eineltiskönnun var lögð fyrir nemendur 4.-10. Bekkjar snemma á árinu 2011. Þrjár kannanir voru lagðar fyrir ólíka hópa innan skólasamfélagsins á vordögum þar sem lagðar voru til grundvallar sambærilegar spurningar sem unnar voru út frá stefnu skólans og starfsáætlun hans. Var þetta gert með það að leiðarljósi að skoða ákveðna þætti skólastarfsins út frá öllum hliðum. Kannanirnar voru lagðar fyrir nemendur skólans, foreldra þeirra og

starfsmenn. Hér á eftir fer stutt samantekt um hverja könnun fyrir sig ásamt helstu niðurstöðum og umbótaáætlun sem unnin var í kjölfarið.

Einelti

Mikilvægt er að hver skóli marki sér ákveðna stefnu hvernig taka skuli á einelti. Lágafellsskóli hefur markað sér skýra stefnu hvað þetta varðar. Þegar upp kemst um einelti fer eftirfarandi ferli af stað. Vitneskja eða grunur um einelti skal fyrst berast til umsjónarkennara þolanda/geranda. Umsjónarkennari leitar frekari upplýsinga frá öðru starfsfólki skólans og foreldrum/forráðamönnum. Meti umsjónarkennari svo að um einelti sé að ræða gerir hann foreldrum/forráðamönnum grein fyrir málum og kynnir þeim hvað hægt er að gera. Umsjónarkennari ræðir við gerendur og þolendur sem og foreldra/forráðamenn beggja aðila. Hætti einelti ekki ákveður umsjónarkennari næstu skref í samráði við deildarstjóra. Umsjónarkennari getur leitað ráða hjá aðilum eineltisteymisins. Umsjónarkennari fylgir málinu eftir og metur hvort þörf er á frekari inngripum. Dugi inngrip umsjónarkennara ekki getur hann óskað eftir aðstoð frá nemendaverndarráði. Ef aðgerðir nemendaverndarráðs bera ekki árangur tekur ráðið ákvörðun um framhaldið.

Fyrirlögn könnunar

Eineltiskönnun var lögð fyrir nemendur í 4.-10. bekk í Lágafellsskóla dagana 24. og 25. febrúar 2011. Náms- og starfsráðgjafi ásamt deildarstjóra sérkennslu og mats lögðu könnunina fyrir nemendur og báru ábyrgð á vinnu hennar og framkvæmd. Áður en könnunin var lögð fyrir fjölluðu umsjónarkennarar um einelti og kynntu skilgreininguna um einelti fyrir nemendum. En í Lágafellsskóla tölum við um einelti þegar einstaklingur verður fyrir endurteknu áreiti frá öðrum einstaklingi og á erfitt með að verjast því. Í einelti er valdaójafnvægi þar sem gerandinn misbeitir valdi gegn þolandanum. Barn sem er sterkara, árásargjarnara og frakkara leggur annað barn sem er líkamlega og/eða félagslega veikara í einelti. Könnunin fjallar um eineltismál almennt í skólanum. Tilgangurinn með fyrirlögn könnunarinnar er að vinna með niðurstöður innan skólans til að bæta líðan nemenda og kortleggja eineltið sem á sér stað í skólanum.

Rafrænn spurningarlisti var unnin í forritinu Lime Survey. Foreldrar voru upplýstir um að lögð yrði fyrir börn þeirra eineltiskönnun. Nemendur voru kallaðir í tölvustofu og bókasafn skólans til að svara könnuninni á veraldarvefnum. Könnunin var lögð fyrir 471 nemanda og

svöruðu 459 nemendur henni eða 97,5%. Kynjahlutfall í þessum árgöngum er 47.5% stelpur og 52,5% drengir. Þegar skipting fjölda nemenda eftir árgöngum er skoðuð þá kemur í ljós að flestir nemendur eru í 5. bekk en fæstir í 9. bekk

Matsþættir

Þeir þættir sem skoðaðir voru í könnuninni sneru að líðan nemenda, gerendum og þolendum eineltis. Hvar og hvernig eineltis birtist og aðkoma og viðbrögðum starfsmanna og nemenda.

Niðurstöður

Með áframhaldandi markvissri vinnu gegn einelti fer þeim einstaklingum sem verða fyrir því fækkandi. Mikilvægt er að skólinn haldi áfram sinni stefnu í þessum málum og bæti það sem betur má fara. Það að minna bæði nemendur og starfsfólk skólans reglulega á hugtakið einelti getur minnkað líkur á því að einstaklingur verði fyrir því. Því ber skólanum að gera það sem hann getur til að einelti fái ekki þrífist.

Niðurstöður þessarar könnunar sýnir að töluvert hefur verið um einelti í Lágafellsskóla í vetur eða 15%. Segja má að vel hafi gengið að vinna með flest þessara mála þar sem 12% nemenda segja að eineltinu sé lokið þegar könnunin var lögð fyrir en 3% nemenda segja það standa enn yfir. Hluti af þeim nemendum sem enn eru lagðir í einelti hafa ekki sagt neinum frá því. Því er mikilvægt að upplýsa kennara og annað starfsfólk um þessar niðurstöður til að auka líkurnar á því að þessir einstaklingar sem ekki segja frá finnist sem fyrst. Sýnilegt er að strákar leggja frekar í einelti en stelpur og eru þeir ýmist einn eða tveir til þrír saman í hóp. Ljóst er að skólalóðin er sá staður þar sem einelti á sér oftast stað á miðstigi en kennslustofur í kennslu á unglingastigi. Þegar vinatengsl nemenda er skoðað bæði innan árganga og í skólanum í heild sýna niðurstöður að 0,6% nemenda er vinalaus í skólanum.

Umbótaáætlun

- Bæta þarf gæslu bæði úti og inni, skipta starfsmönnum á svæði, fjölga starfsfólki
- Stjórnendur þurfa að vera sýnilegri á göngum
- Allt starfsfólk noti skýru mörkin og fylgi þeim eftir, 100% eftirfylgni í öllum málum á öllum stigum, samræmdar reglur og viðbrögð
- Skerpa á lóðamörkum við nemendur
- Nemendur á ekki að skilja eftir eftirlitslausa í stofum
- stofum skal læsa að kennslu lokinni

- Starfsfólk skipuleggi útileiki með nemendum

Foreldrar

Samkvæmt sjálfsmatsáætlun þeirri sem skólinn hefur sett sér til næstu fimm ára er gengið út frá því að foreldrakönnun sé lögð fyrir foreldra nemenda í 4. 7. og 10. bekk árlega. Vorið 2011 var þó ákveðið að leggja könnunina fyrir alla foreldra nemenda 1.-10. bekkjar með það að markmiði að fá betri yfirsýn yfir hug foreldra hvað skólastarfið varðar. Kannanir með sambærilegum spurningum hafa verið lagðar fyrir aðra hópa skólasamfélagsins svo sem nemendur og starfsmenn með það að leiðarljósi að skoða ákveðna þætti skólastarfsins út frá öllum hliðum. Þeir þættir sem lagðir voru til grundvallar koma fram í stefnu skólans sem og starfsáætlun.

Fyrirlögn könnunar

Markmiðið með fyrirlögn foreldrakönnunar er að gera góðan skóla betri. Með þessu móti gafst foreldrum kostur á því að hafa áhrif á skólastarfið. Til að auðvelda starfsfólki skólans að fylgjast með þróun skólastarfsins var sú leið valin að leggja svipaðar eða sömu spurningar fyrir foreldra/forráðamenn nemenda á hverju ári.

Rafrænn spurningarlisti var unnin í forritinu Lime Survey. Slóð könnunarinnar var send út til foreldra nemenda í 1. – 10. bekk í tölvupósti í maí. Póstur var sendur á alla foreldra og þeir beðnir að ákveða hvort foreldrið myndi svara könnunni. Svarað var einu sinni fyrir hvert barn. Svörun foreldra var 50,5% og voru það mæður sem svöruðu í 84,6% tilvika en feður í 15,1% en best svörun var frá foreldrum nemenda í 7. bekk þar sem 63% foreldra svöruðu könnuninni.

Matsþættir

Þeir þættir sem lagðir voru til grundvallar koma fram í stefnu skólans sem og starfsáætlun og eru eftirfarandi; nám og kennsla, samskipti, aðbúnaður nemenda, líðan nemenda, stjórnun skólans, foreldrasamstarf og upplýsingastreymi.

Niðurstöður

Niðurstöður foreldrakönnunar leiddu í ljós að rúmlega 87% foreldra eru mjög ánægðir eða ánægðir með Lágafellsskóla en það viðmið sem sett var í starfsáætlun og lítur að ánægju foreldra er 80%. Ef niðurstöður eru bornar saman við niðurstöður foreldrakönnunar síðasta

skólaárs má sjá að hlutfall mjög ánægðra og ánægðra foreldra hefur aukist um rúmlega 4%. Um 83% foreldra telja að barni sínu líði mjög vel eða vel í skólanum en sú tala er sambærilega við niðurstöður foreldrakönnunar sem unnin var á síðasta skólaári. Þegar spurt var hvernig foreldrar teldu að samskipti milli nemenda og starfsfólks væri í skólanum svöruðu 89% því til að þau séu mjög góð eða góð. Að sama skapi telja 89% að samskipti við umsjónarkennara séu mjög góð eða góð.

Foreldrar voru spurðir um ánægju sína með Leiðsagnarmatið sem notað var við námsmat og sjálfsmat nemenda síðastliðinn vetur. Niðurstöður sýndu að rúmlega 62% foreldra eru mjög ánægðir eða ánægðir með matið, aðeins rúmlega 4% eru óánægðir eða mjög óánægðir en rúmlega 33% taka ekki afstöðu til þess. Þessar tölur sýna að foreldrar hafa tekið vel á móti nýjungum í námsmati og gefur það tilefni til frekari þróunar á því sviði.

Niðurstöðurnar gáfu einnig mikilvægar upplýsingar varðandi margt sem betur má fara. Foreldrar voru spurðir hversu mikil þeim þætti heimavinna barns síns og kom í ljós að tæplega 18% foreldra telja heimanám of mikið eða mikið og er það aukning um 3% frá síðasta skólaári. Hæst hlutfall foreldra sem þótti heimanám vera of mikið eða mikið var meðal foreldra nemenda á unglingastigi eða 27,5%. Þegar spurt var hversu mikla aðstoð barnið þyrfti við heimanám sitt þá sýndu niðurstöður að rúmlega 24% foreldra töldu að barn sitt þyrfti mjög mikla eða mikla aðstoð. Áberandi hæst hlutfall foreldra sem töldu að svo væri voru foreldrar nemenda á miðstigi en þeir voru rúmlega 32% en aðeins tæplega 13% meðal foreldra nemenda á unglingastigi og aðeins 10% meðal foreldra nemenda á yngsta stigi. Í framhaldi af þessum upplýsingum má velta fyrir sér hvort íþrótt- og tólmstundaiðkun unglinga komi þarna að málum þar sem æfingar eru oft tímasettar seinni part eða á kvöldin þegar heimanámi er ólokið. Varðandi heimanám nemenda á miðstigi mætti huga að því hvort námsefni sem velst til heimanáms sé í fullkomu samræmi við það sem unnið er á skólatíma.

Þar sem Lágafellsskóla vinnur eftir kenningum Uppbyggingarstefnunnar var skoðað sérstaklega hversu vel foreldrar eru kunnugir efni hennar og hversu sýnileg þeim þykir hún í skólastarfinu. Milli 40 og 45% foreldra telja sig þekkja efni stefnunnar lítið eða mjög lítið og gefur það til kynna að afar brýnt sé að stefnan sé kynnt foreldrum á hnitmiðaðan hátt. Þegar foreldrar voru spurðir hvernig þeim þætti aginn í skólanum vera kom í ljós að tæplega 32% foreldra telja agann vera lítinn eða of lítinn sem er mikil hækkun frá síðasta ári þar sem aðeins 17% foreldra höfðu þá skoðun. Þegar niðurstöður eru skoðaðar eftir stigum kemur fram að

37% foreldra nemenda á miðstigi telja agann of lítinn eða lítinn en 30% á unglíngastigi og 27% á yngsta stigi. Niðurstöðurnar sýna að vinna þarf með agamál á markvissan og sambærilegan hátt hjá öllum nemendum skólans.

Kannaður var hugur foreldra til mótuneytis skólans og kom fram að 54% foreldra eru mjög ánægðir eða ánægðir með mótuneytið. Sú tala er sambærileg við niðurstöður foreldarkönnunar sem unnin var á síðasta skólaári. Foreldrar nemenda á unglíngastigi voru spurðir hvort þeir myndu nýta sér kaup á stökum máltíðum í stað mánaðaráskriftar ef það væri í boði. Rúmlega 77% foreldra svöruðu því til að þeir myndu fremur nýta sér kaup á stökum máltíðum en mánaðaráskrift og gefur það tilefni til endurskoðunar á því fyrirkomulagi sem nú er við lýði.

Þegar spurt var um hversu ánægðir foreldrar væru með þjónustu íbúagáttarinnar svöruðu rúmlega 68% því til að þeir væru mjög ánægðir eða ánægðir með þjónustuna. Einnig kom fram að 96% svarenda noti íbúagáttina en þau viðmið sem sett voru í starfsáætlun og varða not á íbúagátt var 90%.

Í opnum svörum kom fram ítrekuð ósk frá foreldrum um að boðið væri upp á foreldraviðtöl án barna. Einnig var rætt um agaleysi og virðingaleysi starfsfólks gagnvart nemendum, frímínútnagæslu sem mörgum þykir ábótavant og heimavinnu sem þykir mikil og valda álagi á heimilum. Ábendingar komu fram varðandi skipulag Frístundasels þar sem talið er að starfsemi sé ábótavant. Allmargar athugasemdir bárust vegna tíðra hópaskiptinga nemenda og töldu margir það hafa áhrif á yfirsýn kennara og foreldra á námi barnsins auk þess sem það kæmi jafnvel í veg fyrir að barnið tengdist kennara sínum. Fram kom að æskilegt væri að minna væri boðið upp á unna matvöru í mótuneyti nemenda en jafnframt lýsti fólk yfir mikilli ánægju með nýjar áherslur í mótuneyti og matráð. Mjög mörg svör voru á jákvæðum nótum þar sem starfsfólki og kennurum var sérstaklega hrósað fyrir fagleg og góð vinnubrögð. Fólk lýsti einnig ánægju sinni með samskipti sín við umsjónarkennara og margir vildu þakka skólanum fyrir gott og faglegt starf.

Í lok könnunarinnar voru foreldrar beðnir um að taka afstöðu til fullyrðinga sem birtast í stefnu skólans og varða skólastarfið. Sömu fullyrðingar voru lagðar fyrir nemendur og starfsmenn skólans. Heildarniðurstöður má sjá í lokaskýrslu foreldrakönnunar.

Umbótaáætlun

- Kynna þarf Uppbyggingarstefnuna markvisst fyrir foreldrahópnum
- Gera þarf Uppbyggingarstefnuna sýnilegri í skólastarfinu
- Allir starfsmenn fái aukna fræðslu til að vinna eftir Uppbyggingarstefnunni
- Endurskoða heimanám nemenda (magn og gæði)
- Agamál séu samræmd og unnið eftir verkferlum
- Bjóða nemendum að kaupa stakar máltíðir í mötuneyti
- Boðið sé upp á foreldraviðtöl án barna
- Frímínútnagæsla sé bætt

Nemendur

Samkvæmt sjálfsmatsáætlun þeirri sem skólinn hefur sett sér til næstu fimm ára er gengið út frá því að nemendakönnun sé lögð fyrir nemendur 4. 7. og 10. bekkjar árlega. Í ár var þó ákveðið að leggja könnunina fyrir alla nemendur 4.-10. bekkjar þar sem ekki hefur áður verið lögð nemendakönnun fyrir nemendur skólans. Var það gert með það að markmiði að öðlast betri yfirsýn yfir skoðanir nemenda og upplifanir af skólastarfinu.

Fyrirlögn könnunar

Nemendakönnun var lögð fyrir nemendur í 4.-10. bekk í Lágafellsskóla dagana 19. og 20. maí 2011. Náms- og starfsráðgjafi, deildarstjóri sérkennslu og mats og deildarstjóri verkefna lögðu könnunina fyrir nemendur og báru ábyrgð á vinnu hennar og framkvæmd. Tilgangurinn með fyrirlögn könnunarinnar er að vinna með niðurstöður innan skólans til að bæta líðan nemenda og kortleggja það starf sem á sér stað í skólanum.

Rafrænn spurningarlisti var unnin í forritinu Lime Survey og foreldrar voru upplýstir um að nemendakönnun yrði lögð fyrir nemendur sem kallaðir voru í tölvustofu og bókasafn skólans til að svara könnuninni á veraldarvefnum. Ætlunin var að leggja könnunina fyrir 471 nemanda í 4. -10. bekk, 444 svöruðu könnuninni eða 94,3%. Kynjahlutfall í þessum árgöngum er 46,9% stelpur og 53,1% drengir. Könnunin innihélt 41 spurningu, þar af voru sex opnar spurningar.

Matsþættir

Þeir þættir sem lagðir voru til grundvallar koma fram í stefnu skólans sem og starfsáætlun og eru eftirfarandi; nám og kennsla, samskipti, aðbúnaður nemenda, líðan og ánægja, aðgengi að starfsfólki og upplýsingagjöf

Niðurstöður

Niðurstöður nemendakönnunar leiddu í ljós að 81,08% nemenda eru mjög ánægðir eða ánægðir með Lágafellsskóla en það viðmið sem sett var í starfsáætlun og lítur að ánægju nemenda er 80%. Tæplega 90% nemenda telja starfsfólk skólans koma fram við þá af virðingu og rúmlega 96% nemenda telja sig sýna starfsfólki skólans virðingu í samskiptum. Um 85% nemenda telja samskipti sín við umsjónarkennara vera mjög góð eða góð. Í ljós kom að nemendur telja sig hafa greiðan aðgang að stjórnendum og stoðkerfi skólans en tæplega helmingur nemenda hefur þó aldrei þurft að leita til stjórnenda og rúmlega helmingur hefur ekki þurft á aðstoð námsráðgjafa að halda. Nemendur voru spurðir um ánægju sína með Leiðsagnarmatið sem notað var við námsmat og sjálfsmat nemenda síðastliðinn vetur. Niðurstöður sýndu að rúmlega 58% nemenda eru mjög ánægðir eða ánægðir með matið en aðeins 8,5% eru óánægðir eða mjög óánægðir en rúmlega 33% taka ekki afstöðu til þess. Þessar tölur sýna að nemendur hafa tekið vel á móti nýjungum í námsmati og gefur það tilefni til frekari þróunar á því sviði.

Niðurstöðurnar gáfu einnig mikilvægar upplýsingar varðandi margt sem betur má fara og einfalt er að bæta. Í svörum nemenda við opnum spurningum kemur fram að margir telja þrifum á skólahúsnæði ábótavant. Þá telja nemendur einnig að til bóta væri að starfsfólk mötuneytis notaði háernet og hanska við framreiðslu máltíða. Fram kom að rúmlega 60% nemenda á unglingastigi myndu nýta sér miðakerfi með stökum máltíðum fremur en mánaðaráskrift í mötuneyti ef það væri í boði.

Fram kom að tæplega 76% nemenda finna fyrir prófkvíða alltaf eða stundum en það hlutfall er eins hvort sem skoðaðar eru niðurstöður fyrir unglingastig eða yngri stig skólans. Þetta er athyglisvert í ljósi þess sem fram hefur komið að rúmlega helmingur nemenda nýti sér ekki þjónustu námsráðgjafa en tölur um prófkvíða nemenda gefa tilefni til að ætla að mun fleiri þyrftu að nýta sér þjónustu hans.

Þegar spurt var um notkun nemenda á heimasíðu skólans kom í ljós að aðeins tæplega 30% nemenda nýta sér hana mjög mikið eða mikið og 20% svara því til að þeir noti

heimsíðuna aldrei. Á heimsíðu skólans liggja miklar og gagnlega upplýsingar fyrir nemendur og því eru þessar tölur umhugsunarverðar. Könnuð var notkun nemenda á Mentor og leiddu svörin í ljós að rúmlega 67% nemenda á unglिंगastigi nota Mentor daglega en einungis rúmlega 13% nemenda á yngri stigum. Þessar niðurstöður ber þó að skoða með það í huga að við fyrirlögn könnunarinnar kom fram hjá allmörgum svarendum yngri stiga að foreldrar þeirra nýti sinn aðgang en nemendurnir sjálfir þekki ekki sitt aðgangsorð.

Þar sem Lágafellsskóli vinnur eftir kenningum Uppbyggingarstefnunnar var skoðað sérstaklega hversu vel nemendur þekkja efni hennar. Í ljós kom að aðeins rúmlega 29% nemenda þekkja mjög vel eða vel til Uppbyggingarstefnunnar en það hlutfall er aðeins rúmlega 10% séu niðurstöður fyrir unglिंगastig skoðaðar og rúmlega 41% nemenda á yngri stigum. Um 66% nemenda á unglिंगastigi segjast þekkja lítið eða mjög lítið til stefnunnar en rúmlega 38% nemenda á yngri stigum. Við lestur þessara niðurstöðna þarf þó að hafa í huga að nemendur á yngri stigum virtust ekki þekkja hugtakið Uppbyggingarstefna og þurfti í mjög mörgum tilvikum að útskýra við hvað væri átt. Að sama skapi ber að skoða niðurstöður við spurningum um aga í skólanum og áhrif þeirra á vinnuaðferðir í kennslustundum með það í huga að nemendur á yngri stigum voru mjög óvissir um þýðingu þessara hugtaka.

Í lok könnunarinnar voru nemendur beðnir um að taka afstöðu til fullyrðinga sem birtast í stefnu skólans og varða skólastarfið. Sömu fullyrðingar voru lagðar fyrir foreldra og starfsmenn skólans. Heildarniðurstöður má sjá í lokaskýrslu nemendakönnunar.

Umbótaáætlun

- Bæta þrif á skólahúsnæði (gólf, matsalur)
- Starfsfólk mötuneytis noti hárnét og hanska við framreiðslu máltíða
- Minnka hávaða í mötuneyti nemenda
- Bjóða nemendum á elsta stigi kaup á stökum máltíðum í mötuneyti
- Kynna nemendum heimasíðu skólans
- Virkja nemendur í að nota sitt svæði á Mentor
- Vinna að því að minnka prófkvíða nemenda
- Kynna starf námsráðgjafa fyrir nemendum á yngri stigum skólans
- Kennarar skrái heimavinnu ávallt í Mentor með góðum fyrirvara

- Kynna Uppbyggingarstefnuna betur fyrir öllum nemendum (sérstaklega nemendum unglingastigs) og gera þá meðvitaða um hugtök sem unnið er með
- Undirbúa þarf nemendur fyrir eineltis- og nemendakannanir. Farið yfir hugtök og annað sem máli kann að skipta – forprófun
- Unnið eftir stefnu skólans varðandi heimanám
- Kennarar kynni fyrir hver öðrum kennsluhætti og góð verkefni
- Einfalda Leiðsagnarmat
- Auka aðgengi að umsjónarkennurum
- Auka þjónustu á bókasafni

Starfsmenn

Starfsmannakönnun var lögð fyrir starfsmenn Lágafellsskóla á vordögum sem liður í sjálfsmati skólans. Könnunin var ein þriggja sambærilegra kannana sem lagðar voru fyrir ólíka hópa skólasamfélagsins, annars vegar nemendur 4.-10. bekkjar og hins vegar foreldra allra nemenda. Lagðar voru til grundvallar sambærilegar spurningar sem unnar voru út frá stefnu skólans og starfsáætlun. Var þetta gert með það að leiðarljósi að skoða skólastarfið út frá öllum hliðum í þeim tilgangi að meta hina ýmsu þætti skólastarfsins á markvissan hátt með það fyrir augum að bæta skólastarfið.

Fyrirlögn könnunar

Rafrænn spurningarlisti var unnin í forritinu Lime Survey. Spurningar voru 47 talsins og af þeim voru níu opnar. Slóð könnunarinnar var send út til starfsmanna í tölvupósti í maí en einnig mátti finna hana á heimasíðu skólans. Svörun starfsmanna var 76%.

Matsþættir

Þeir þættir sem lagðir voru til grundvallar koma fram í stefnu skólans sem og starfsáætlun og eru eftirfarandi; nám og kennsla, samskipti, aðbúnaður starfsfólks, afstaða til starfs og vinnustaðar, líðan og ánægja, starfsandi, stjórnun, foreldrasamskipti, upplýsingagjöf.

Helstu niðurstöður

Niðurstöður könnunarinnar leiddu í ljós að 74% starfsmanna eru mjög ánægðir eða ánægðir í starfi en það hlutfall hefur lækkað um 11% frá síðasta ári. Ánægðustu starfsmenn skólans eru kennarar á yngsta stigi en þeir hafa einnig hæst hlutfall þeirra sem telja starfsandann mjög góðan eða góðan. Almennt töldu 46% starfsmanna starfsandann mjög góðan eða góðan sem er mikil breyting frá fyrra ári þar sem 65% starfsmanna töldu starfsandann vera mjög góðan eða góðan. Ljóst er að greina þarf nánar hvað veldur því að ánægja með starfsanda hefur minnkað svo mikið sem raun ber vitni milli ára. Fram kom að 96% starfsmanna eru mjög eða nokkuð stoltir af vinnustaðnum.

Þegar spurt var hvernig stjórnendur tækju á málum sem upp hefðu komið gagnvart nemendum kom í ljós að 65% starfsmanna töldu að mjög vel eða vel hefði verið tekið á málum en sú tala hefur lækkað frá fyrra ári þegar tæplega 80% töldu að svo væri. Flestir þeirra sem voru óánægðir varðandi það voru starfandi kennarar á miðstigi.

Einnig var spurt um hvernig samskiptum nemenda og starfsmanna væri almennt háttað í skólanum og töldu 77,5% þau vera mjög góð eða góð, 7% töldu þau vera sæmileg og 1.5% taldi þau vera slæm. Enginn starfsmaður svaraði því til að samskiptin væru mjög slæm.

Þegar spurt var út í síðasta foreldraviðtal sem kennarar tóku svöruðu 34% að þeir væru mjög ánægðir og 30% að þeir væru ánægðir. Sæmilega ánægðir voru 1% . Lægst hlutfall þeirra sem voru ánægðir var meðal kennara á elsta stigi en það voru rúmlega 71%.

Athygli vekur að 65% starfsfólks notar heimsíðu skólans lítið eða ekkert. Í framhaldi má velta fyrir sér hvort heimasíða skólans innihaldi ekki gagnlega upplýsingar fyrir starfsmenn, hvort þær upplýsingar séu nægilega aðgengilegar eða hvort kynningu á heimasíðu sé ábótavant. Þegar spurt var um skólanámskrána kom fram að rúmlega 11% starfsmanna hafa ekki lesið skólanámskrána og eru þeir allir í hópi annarra starfsmanna en kennara. Þegar spurt var um upplýsingagjöf frá skólanum í heild töldu 69% að hún væri mjög góð eða góð, 27% töldu hana vera sæmilega og 4% töldu hana vera slæma eða mjög slæma.

Niðurstöður spurninga um mötuneyti skólans leiddu í ljós að um 62% starfsmanna eru ánægðir með það og voru það starfsmenn aðrir en kennarar sem voru ánægðastir. Kennarar sem starfa við kennslu á yngsta stigi voru óánægðastir.

Niðurstöður sýna að mjög mikil ánægja er meðal kennara á yngsta stigi með Leiðsagnarmatið sem tekið var upp í vetur og sýnilegt að það nýtist þeim vel í mati á árangri

nemenda. Þegar skoðaðar eru niðurstöður spurninga er varða Uppbyggingarstefnuna kemur í ljós að 93% kennara á elsta stigi þekka mjög vel eða vel til stefnunnar. Þessar niðurstöður er athyglisverðar þegar þær eru bornar saman við niðurstöður úr nemendakönnun þar sem rúmlega 10% nemenda unglingastigs svöruðu því til að þekkja mjög vel eða vel til stefnunnar. Í ljósi þess mætti beina því til kennara unglingastigs að miðla þekkingu sinni af stefnunni með öflugri hætti en verið hefur svo þekking þeirra komi nemendum til góða.

Þegar spurt var hvort stefna væri sýnileg í skólastarfinu var hæst hlutfall þeirra sem töldu stefnuna lítið sýnilega meðal kennara unglingastigs. Þetta styður ennfrekar það sem áður hefur komið fram að brýnt er að þeir sem þar starfa nýti þekkingu sína og vinni að því að gera stefnuna að sýnilegri hluta af skóladegi nemenda.

Fram hefur komið að aðeins 28% starfsfólks sé sátt við agamálin í skólanum en það telst fremur lágt hlutfall. Hæst hlutfall þeirra sem ósáttir eru, er að finna meðal kennara á miðstigi en þar kom enn fremur fram að 75% þeirra kennarar telja vinnureglur vegna hegðunarvanda frekar eða mjög óskýrar. Þessar niðurstöður sýna að afar brýnt er að tekið sé á markvissan hátt á agamálum nemenda auk þess sem mikilvægt er að samræma viðbrögð við slíkum málum milli stiga og skýra vinnuferla meðal starfsfólks.

Settar voru fram fullyrðingar sem finna má í stefnu skólans og starfsmenn spurðir hversu sammála þeim þeir væru. Fram kom að 76% starfsmanna voru mjög sammála eða sammála því að boðið væri upp á gæðakennslu í Lágafellsskóla en aðeins rúmlega helmingur var sammála því að hæfileikar allra fengju notið sín í skólanum. Rúmlega helmingur var sammála því að í skólanum ríkti jákvætt, uppbyggilegt og afslappað andrúmsloft og aðeins 36% starfsmanna voru sammála því að raddir allra fengju að heyrast í Lágafellsskóla. Tæplega 60% starfsmanna voru sammála því að í skólanum væri boðið upp á fjölbreytta kennsluhætti. Þessar tölur sýna fram á mikilvægi þess að stefna skólans sé yfirfarin í samráði við starfsmenn og skoðað hvaða leiðir er hægt að fara til að framfylgja henni á markvissari hátt.

Í lok könnunarinnar voru starfsmenn beðnir um að taka afstöðu til fullyrðinga sem birtast í stefnu skólans og varða skólastarfið. Sömu fullyrðingar voru lagðar fyrir foreldra og nemendur skólans. Heildarniðurstöður má sjá í lokaskýrslu starfsmannakönnunar.

Umbótaáætlun

- Bæta starfsandann á vinnustaðnum
- Efla starfsandann utan vinnustaðar
- Efla stolt starfsmanna fyrir vinnustaðnum
- Auka notkun starfsmanna á heimasíðu skólans
- Kynna skólanámskrá fyrir starfsmönnum öðrum en kennurum
- Þróa Leiðsagnarmat þannig að það henti sem allra best til að meta nám og árangur nemenda
- Yfirfara stefnu skólans og kynna ítarlega fyrir foreldrum, nemendum og starfsfólki
- Endurskoða verkferla vegna agamála

Samantekt og helstu niðurstöður

Vinna matsteymis við úrvinnslu kannanna og framsetningu niðurstaðna leiðir í ljós að í skólastarfinu er margt vel gert en ávallt er eitthvað sem má bæta. Eftir að niðurstöður voru kynntar starfsfólki skólans tók starfsmannahópurinn allur þátt í gerð umbótaáætlana sem miða að því að bæta þá þætti sem þörf er á. Í hverri áætlun eru tilteknar tímasetningar sem úrbætur skulu hafa komið til framkvæmda auk ábyrgðaraðila sem sjá skal til þess að svo verði.

Eins og fram hefur komið hér að framan voru sambærilegar spurningar lagðar fyrir nemendum, foreldra og starfsmenn skólans. Að auki voru fullyrðingar sem liggja til grundvallar stefnu skólans settar fram og könnuð afstaða hópanna til þeirra. Við samanburð á svörum kemur fram að upplifun hópanna á skólasamfélaginu er ekki ávallt hin sama. Eftirfarandi er sundurliðun svara fyrir hverja fullyrðingu sem sett var fram í könnunum.

„Í Lágafellsskóla fá hæfileikar allra að njóta sín“

	Mjög sammála	Sammála	Ósammála	Mjög ósammála	Hef ekki myndað mér skoðun
Nemendur	19,14%	49,32%	11,94%	4,50%	15,09%

Sjálfsmatsskýrsla Lágafellsskóla 2010-2011

Foreldrar	7,71%	32,29%	44,86%	13,43%	1,71%
Starfsmenn	4,23%	39,44%	21,13%	4,23%	30,99%

„Í Lágafellsskóla ríkir jákvætt, uppbyggilegt og afslappað andrúmsloft“

	Mjög sammála	Sammála	Ósammála	Mjög ósammála	Hef ekki myndað mér skoðun
Nemendur	15,54%	47,07%	16,89%	4,28%	16,22%
Foreldrar	12,86%	47,43%	30,57%	8,57%	0,57%
Starfsmenn	4,23%	52,11%	26,76%	4,23%	12,68%

„Raddir allra fá að heyrast í Lágafellsskóla“

	Mjög sammála	Sammála	Ósammála	Mjög ósammála	Hef ekki myndað mér skoðun
Nemendur	13,06%	50,90%	17,57%	5,63%	12,84%
Foreldrar	6%	27,14%	53,14%	12,57%	1,14%
Starfsmenn	0%	36,62%	29,58%	12,68%	21,13%

„Í Lágafellsskóla er boðið upp á fjölbreytta kennsluhætti“

	Mjög	Sammála	Ósammála	Mjög	Hef ekki
--	-------------	----------------	-----------------	-------------	-----------------

Sjálfsmatsskýrsla Lágafellsskóla 2010-2011

	sammála			ósammála	myndað mér skoðun
Nemendur	22,75%	50,45%	11,94%	3,83%	11,04%
Foreldrar	10,29%	47,71%	30,29%	10,86%	0,86%
Starfsmenn	9,86%	49,3%	9,86%	5,63%	25,35%

„Í Lágafellsskóla er boðið upp á gæðakennslu“

	Mjög sammála	Sammála	Ósammála	Mjög ósammála	Hef ekki myndað mér skoðun
Nemendur	29,73%	53,83%	4,95%	2,70%	8,78%
Foreldrar	9,14%	50,29%	30,29%	8,86%	1,43%
Starfsmenn	12,68%	63,38%	4,23%	2,82%	16,90%